

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum og um mál út af þeim fer sem um brot gegn þeim lögum.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. marz 1963.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

16. marz.

Nr. 50.

REGLUGERÐ

um barnavernd í Höfðakaupstað.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar (skólanefndar) Höfðakauptúns er börnum yngri en 12 ára bannað að vera á almannaferi eftir klukkan 20 að kvöldi, á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl, og eftir klukkan 22 frá 15. apríl til 15. október, nema í fylgd forráðamanna eða fullorðinna, er falin hefur verið umsjá þeirra.

Börn á aldrinum 12—14 ára mega ekki vera á almannaferi eftir klukkan 22 að kvöldi á tímabilinu 15. október til 1. apríl og ekki eftir klukkan 23 á tímabilinu 1. apríl til 15. október, nema í fylgd foreldra sinna eða forráðamanna. Foreldrum eða forráðamönnum barnanna ber að viðlagðri ábyrgð að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Bannað er börnum innan 12 ára aldurs að vera á bryggjum og í bátum, sem liggja við þær.

Unglingum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni, nema í fylgd forráðamanna.

3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum dansstöðum, öldrykkju- og knattborðsstofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir klukkan 21, nema í fylgd foreldra eða fullorðinna, er falið hefur verið að sjá um þá.

Eigendum og umsjónarmönnum slíkra fyrirtækja ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang og hafist þar ekki við.

4. gr.

Engar kvikmyndasýningar, leiksýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, sem börnum eða unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd (skólanefnd) hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún að því athuguðu, hvort börnum eða unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

5. gr.

Bannað er að selja unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það eða stuðla að því, að þeir neyti þess eða hafi það um hönd. Sama gildir um aðrar munaðarvörur, sem að dómi lækna geta talizt hættulegar fyrir börn.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. marz 1963.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

Nr. 51.

16. marz.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 4 20. janúar 1962.

1. gr.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á 350 aura hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

- Um tvöna kwst.mæla, annan til ljósa og hinn til suðu og hitunar þannig reiknað:

Fyrir notkun um ljósamælinn	350 aura á kwst.
— — — suðumælinn	90 — — —

Suðu- og hitunartæki, sem tengd eru við suðumælinn, skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 Amp. eldavélatengil og hafa einn tengil í eldhúsinu að auki fyrir suðutæki, strokþjárn o. þ. h.

- Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu þannig reiknað:

a. Fastagjald af gólfleti íbúðar	75 aurar á m ² á mán.
b. Orkugjald	65 — — kwst.

Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundar-